

2. sveitarstjórnarfundur Fljótsdalshrepps, Végarði 03.07 2018, kl. 13.30

Mættir voru allir aðalmenn, Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jóhann F. Þórhallsson og Lárus Heiðarsson.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Skýrsla oddvita
2. Drög að samningum við oddvita og varaoddvita
3. Tillaga (drög) að breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030, vegna Kröflulínu 3
4. Mál Fljótsdalshrepps og 4ja annarra sveitarfélaga, gegn Jöfnunarsjóði og íslenska ríkinu
5. Deiliskipulag frístundabyggðar Víðivöllum ytri 2

Bréf Úrskurðarnefndar umhverfis-og auðlindamála dags. 14.06

6. Drög að samningi við Vatnajökulsþjóðgarð um landvörslu við Hengifoss sumarið 2018
7. Persónuverndarlög, innleiðing

Fundargerð fundar um mögulegt samstarf, Egilsstöðum 19.06 2018

8. Bréf

Ríkisendurskoðun dags. 18.06 2018

SSA, bókun frá fundi 04.06 2018, um endurskoðun fjallskilasamþykktar Múlasýslna.

9. Fjárbeiðnir

Chris Wilkins/Inniræktun í Fljótsdal

10. Fundargerðir

- a) Fjallskilanevnd 27.06 2018
- b) Byggingar-og skipulagsnevnd 20.06 2018
- c) Samráðshópur um aðgerðarstjórnstöð Almannavarnarnefndar Múlapings 28.05 2018

11. Ýmsar samþykktir og gjaldskrár, til kynningar

12. Önnur mál

1. Skýrsla oddvita

Varaoddviti annaðist afleysingu í orlofi oddvita dagana 18-22. Júní.

Framkvæmdir hafa staðið yfir við stíg að Hengifossi. Sett hafa verið upp ný hlið, bekkir og skiltastandar, auk framkvæmda á stígnum sjálfum. Eftir er að setja upp skilti, en framkvæmdum að mestu lokið a.m.k í ár. Ungmennahópur frá LV vann við stíginn 2 daga og með þeim unglingur úr Fljótsdal, sem er á vinnuskólaaldri. Samkvæmt tölum úr teljara ganga nú daglega um 400 manns upp að, eða áleiðis að Hengifossi

Ekki er gert ráð fyrir hefðbundnum vinnuskóla í sumar , en reynt verður að taka dag og dag í vinnu eftir því sem hentar.

Verklýsing svæðisskipulags Austurlands er í auglýsingu með athugasemdarfrest til 13. ágúst.

Sýni sem tekin voru af neysluvatni vatnsveitu við Hengifossá og á Skriðuklaustri komu vel út og stóðust allar kröfur heilbrigðiseftirlits.

Oddviti mætti á kynningarfund um kerfisáætlun Landsnet, fundurinn var haldinn á Egilsstöðum 12. júní.

Leiktæki hafa verið sett upp á lóð Végarðs og fyrr í sumar var lokið við rúðuskipti á sviði.

Samband íslenskra sveitarfélaga bendir sveitarfélögum á breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Með nýmæla er að öldungaráðum er ætlað að taka við hlutverki þjónustuhópa aldraðra.

Aðalfundur SSA verður haldinn á Hallormsstað dagana 7. Og 8 september og landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga á Akureyri 26.-28. September.

2. Drög að samningum við oddvita og varaoddvita

Ákveðið að fresta afgreiðslu á samningunum til næsta fundar.

3. Tillaga (drög) að breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030, vegna Kröflulínu 3

Í umsögn Skipulagsstofnunar um skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulaginu, er kallað eftir stefnu sveitarstjórnar um væntanlega legu Kröflulínu 3 og útfærslu línunnar með tilliti til fyrri bókana og fyrirvara sveitarstjórnar, um legu línunnar í Valþjófsstaðafjalli. Í umhverfisskýrslu sem Landsnet lét vinna um Kröflulínu 3, var fjallað um 3 valkosti, þ.e. loftlínu með mastursgerðinni Fuglinn, jarðstreng niður Valþjófsstaðafjall og lagningu jarðstrengs út Fljótsdalsheiði, niður Bessastaðafjall og svo meðfram vegi inn að Fljótsdalsstöð um 15 km leið. Í umhverfismatskýrslu var lagt mat á umhverfisáhrif þeirra leiða. Á fundi sem sveitarstjórn átti með fulltrúum Landsnets 9. janúar sl. var farið ýtarlega yfir málin, en einnig hefur Landsnet haft samráð við Fljótsdalshrepp á öðrum fundum og í gegn um tölvu og síma, þá á Fljótsdalshreppur fulltrúa í verkefnaráði Landsnets um Kröflulínu 3. Sveitarstjórn samþykkir aðalvalkost Landsnets sem fellst í loftlínu og samræmingu á mastursgerð (Fuglinn) eldri línu (Kröflulínu 2) niður Valþjófsstaðafjall. Lagning Kröflulínu 3 í loftlínu við hlið Kröflulínu 2 er í samræmi við gildandi aðalskipulag sveitarfélagsins. Oddvita falið að undirbúa að skipulagstillaga um breytingu á aðalskipulaginu vegna 4 nýrra náma vegna fyrirhugaðrar Kröflulínu 3, verði lögð fyrir næsta sveitastjórnarfund til afgreiðslu.

4. Mál Fljótsdalshrepps og 4ja annarra sveitarfélaga, gegn Jöfnunarsjóði og íslenska ríkinu

Málinu hefur verið vísað til Landsréttar. Kynnt.

5. Deiliskipulag frístundabyggðar Víðivöllum ytri 2

Bréf Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 14.06. Kynnt.

Útskurðarnefndin kemst að þeirri niðurstöðu að annmarkar er lúta bæði að rannsókn máls og lögboðinni málsmeðferð séu þess eðlis að deiliskipulagið er fellt úr gildi. Rætt um framhald málsins og fyrsta skref er að fá metna hættu á gróðureldum á svæðinu.

6. Drög að samningi við Vatnajökulsþjóðgarð um landvörslu við Hengifoss sumarið 2018

Samningur kynntur og Oddvita falið að ganga frá samningi.

7. Persónuverndarlög, innleiðing

Fundargerð fundar um mögulegt samstarf, Egilsstöðum 19.06 2018. Kynnt. Sveitarfélagið er áhugasamt um að af samstarfi verði.

8. Bréf

a) Ríkisendurskoðun dags. 18.06 2018.

Varðar kostnað við framboð til sveitastjórnarkosninga . Ríkisendurskoðun kallar eftir upplýsingum frá kjörnum fulltrúum. Kynnt.

b) SSA, bókun frá fundi 04.06 2018, um endurskoðun fjallskilasamþykktar Múlasýslna.

Varðar endurskoðun fjallskilasamþykktar í Múlasýslum og skipan starfshóps. Kynnt.

9. Fjárbeiðnir

Chris Wilkins/Inniræktun í Fljótisdal.

Samþykkt að styrkja inniræktunarverkefni í Fljótisdal um 600.000,- kr.

10. Fundargerðir

a) Fjallskilanefnd 27.06 2018.

Kynnt. Samþykkt að sveitarfélagið greiði lögfræðikostnað fjallskilanefndar vegna vinnu við endurskoðun á fyrirkomulagi á smalamenskum í Fljótisdal. Fjallskilastjóra falið að fara yfir hvar þarf að bæta aðstöðu í réttum og girðingarhólfum fyrir haustið.

b) Byggingar-og skipulagsnefnd 20.06 2018. Kynnt.

c) Samráðshópur um aðgerðarstjórnstöð Almannavarnarnefndar Múlapings 28.05 2018. Kynnt.

11. Ýmsar samþykktir og gjaldskrár

Lagt fram til kynningar.

12. Önnur mál

a) Anna Jóna vakti máls á því að kynna þarf betur fyrir öllum íbúum möguleika á styrkjum. Hún óskaði eftir að sveitarstjórn verði upplýst um fjölda þeirra sem nýta möguleika á námsstyrkjum.

- b) Umræða varð um að senda fundargerðir sveitarstjórnar á þá íbúa í sveitarfélaginu sem vitað eru ekki tölvunotendur. Oddvita falið að koma því fyrirkomulagi á hið fyrsta.
- c) Hingað til hefur sveitarfélagið keypt tölvur til afnota fyrir sveitarstjórnarfulltrúa. Samþykkt er að hverfa frá því fyrirkomulagi og styrkja þess í stað sveitarstjórnarmenn til tölvukaupa. Styrkupp hæð verður 200.000,- kr. á mann á kjörtímabilinu, fyrir nýja sveitarstjórnarfulltrúa og ef aðrir þurfa að endurnýja eldri tölvur.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 18:15

Lárus ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf